132. löggjafarþing 2005–2006.
Þskj. 870 — 462. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

(Eftir 2. umr., 6. mars.)

1. gr.

Við 7. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skal einnig gefa á vef einkahlutafélaga og útibúa þeirra ef til er.

2. gr.

2. málsl. 2. tölul. 127. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 3. mgr. 1. gr. og upplýsingagjöf skv. 7. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi byggjast á upplýsingaákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.